



Til aðildarhafna  
Hafnasambands Íslands

Reykjavík 4. maí 2016

1509037HA VRH  
Málalykill: 611

### Efni: Boðun á hafnasambandsþing 2016

Í samræmi við 5. gr. laga Hafnasambands Íslands boðar stjórn hafnasambandsins til 40. hafnasambandsþings á Ísafirði, dagana 13. og 14. október 2016.

Samkvæmt 4. gr. laga hafnasambandsins velja aðildarhafnir fulltrúa á hafnasambandsþing og skal fulltrúafjöldi miðast við árstekjur skv. ársreikningi hafnasjóðs næstliðins árs að undanskildum óreglulegum tekjum. Upplýsingar um fjölda fulltrúa hvers hafnasjóðs verða sendar út um leið og þær verða tilbúnar. Einnig verða þær aðgengilegar á vef hafnasambandsins, [www.hafnasamband.is](http://www.hafnasamband.is).

Ítrekað er mikilvægi þess að allar hafnir sendi ársreikning sinn á Val Rafn, framkvæmdastjóra hafnasambandsins, á netfangið [valur@samband.is](mailto:valur@samband.is), um leið og þeir eru tilbúnir svo hægt sé að ákvarða fulltrúafjöldann.

Varafulltrúar á hafnasambandsþing skulu valdir jafnmargir. Heimilt er aðildarhöfn að senda fleiri fulltrúa en þá sem hafa atkvæðisrétt en greiða þarf 15.000 kr. fyrir hvern aukafulltrúa sem sækir þingið.

Kjörgengir á hafnasambandsþing og í stjórn Hafnasambands Íslands eru kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnnum og hafnarstjórnnum, auk varamanna þeirra. Að auki eru kjörgengir starfsmenn hafna og sveitarfélaga.

Eins og áður hefur komið fram verður hafnasambandsþingið haldið á Ísafirði dagana 13.-14. október nk. og verður þingsetning kl. 10:30 fimmtudaginn 13. október. Þingfulltrúar sjá sjálfir um ferðatilhögun og gistingu. Gistirými hefur verið tekið frá í nafni hafnasambandsins á Hótel Ísafirði. Er fundarmönnum bent á að bóka gistingu hið fyrsta.

Þess er óskað að sveitarstjórnir/hafnarstjórnir tilkynni skrifstofu Hafnasambands Íslands, pósthólf 8100, 128 REYKJAVÍK um kjör fulltrúa á hafnasambandsþing eigi síðar en 15. september nk.

Virðingarfyllst  
HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Gísli Gíslason  
formaður stjórnar Hafnasambands Íslands